



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd
fimmtudaginn 05.09.19 kl. 10:00.
Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingarfulltrúi og Þórður Sigfússon skipulagsfulltrúi auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýjan byggingarfulltrúa velkominn til starfa. Hann lagði til að tekin yrðu á dagskrá „ærslabegur“ og „lóðamál í Múlasveit“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

1. Vestfjarðavegur 60 - aðalskipulagsbreyting - umsagnir:

Lagðar fram 44 umsagnir og athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingar á Vestfjarðavegi 60. Gögnin hafa verið send til yfirferðar og vinnslu hjá sérfræðingi VSÓ og birtar á vefsíðu sveitarfélagsins.

2. Ljósleiðari:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann átti ásamt Karli Hálfðánarsyni með forsvarsmönnum Mílu varðandi ljósleiðaravæðingu á Reykhólum. Nefndin leggur áherslu á að ljósleiðaravæðing hreppsins verði unnin áfram svo hratt sem verða má.

3. Starfsmannamál:

Sveitarstjóri fór yfir stöðu umsókna vegna auglýstra starfa í sundlaug og íþróttahúsi, húsvarðarstarfi og bæjarverkstjóra. Frestur til umsókna vegna sundlaugar er runnin út.

4. Brunaskýli í Flatey: Rætt um brunaskýli í Flatey og fleiri mál sem tengjast Flatey. Nefndin leggur til að nýtt brunaskýli verði tekið upp í tengslum við fjárhagsáætlun næsta árs.

5. Ábendingar varðandi deiliskipulag í Gufudal:

Lagt fram erindi frá Kristni Bergsveinssyni varðandi breytingar á deiliskipulagi við Gufufjörð. Vísað til skipulagsfulltrúa.

6. Æfingabraut:

Nefndin leggur til að heimilt verði að starfrækja æfingasvæði fyrir bifhjól og fjórhjól á svæðinu ofan sorpgámasvæðis til reynslu í eitt ár enda verða sett tímamörk varðandi notkun svæðisins.

7. Orku- og auðlindastefna:

Nefndin telur brýnt að sérstaklega verði unnin stefnumörkun um orku- og auðlindamál sveitarfélagsins í tengslum við endurskoðun aðalskipulags.

8. Sala íbúða og/eða leiga íbúða:

Lagt fram yfirlit yfir sölumöguleika á íbúðum og hugsanlegt sölu- og leiguverð. Samþykkt að leiguverð taki mið af því að stofnframlög fáiast.

9. Tryggingar:

Lagt fram erindi frá Consello varðandi tryggingamál. Samþykkt að óska eftir tilboði frá þeim varðandi undirbúning útboðs á tryggingum sveitarfélagsins.

10. Skipulagsbreytingar vegna lögheimila:

Rætt um möguleika á breytingu á lóðum sem skilgreindar eru fyrir frístundahús yfir í íbúðahúsalóðir. Vísað til endurskoðunar aðalskipulags.

11. Fjárhagsáætlun næsta árs og endurskoðun þessa árs:

Sveitarstjóri óskað eftir að nefndin hugaði að ábendingum og tillögum vegna fjárhagsáætlunargerðar í samráði við yfirmenn stofnanna.

12. Önnur mál:

a) Ærslabelgur:

Rætt um staðsetningu ærslabelgs sem ýmis félög og einstaklingar hafa fært sveitarfélaginu að gjöf. Vísað til sveitarstjórnar.

b) Lóðamál í Múlasveit:

Lögð fram erindi um breytingu á lóð á Skálmarnesmúla og stofnun nýrrar lóðar á Hamri 2. Nefndin samþykkir erindin og felur byggingarfulltrúa að ganga frá málunum.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

Fleira ekki gert og
fundi slitið kl. 12:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____